

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á aðalskipulagi Akureyrar 1998–2018, íbúðarsvæði við Hrafnabjörg.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 24. janúar 2006 í samræmi við 21. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu aðalskipulagi. Í breytingartillögunni felst að íbúðarsvæði sunnan Hrafnabjarga stækkar til suðurs. Gert er ráð fyrir að á hinni stækkuðu lóð verði byggð 2 hús á einni til tveimur hæðum auk bílakjallara, með allt að 5 íbúðum í stað eldra húss. Öbyggt svæði/útvistarsvæði minnkar sem nemur lóðarstækkuninni.

Aðalskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Háskólans á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 13. júní 2006 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að ofangreindu deiliskipulagi. Tillagan fjallar um að ákvæðum á reit B verði breytt á eftirfarandi veg: Byggingarreitur fyrir rannsóknarhús lengist til austurs um u.þ.b. 12 m. Hámarks byggingarmagn á reitnum verði 9500 m² í stað 7500 m². Fjöldi bílastæða verði 239 í stað 187. Önnur ákvæði gildandi deiliskipulags breytast ekki.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 12. desember 2006,

Pétur Bolli Jóhannesson,
skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2006